

dóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 27. maímánaðar 1918.

Nr. 10/1918.

Sveinn Björnsson f. h.  
Brunabótafélags Íslands.  
gegn  
Guðrúnu Þórðardóttur.

D ó m u r :

Með bréfi til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, dags. 4. des. f. á., beiddist umboðsmaður Brunabótafélags Íslands á Suðureyri við Súgandafjörð þess, að iðgjald til Brunabótafélagsins fyrir váttryggingu húseigna hinnar stefndu Guðrúnar Þórðardóttur á Suðureyri, að upphæð 52 kr. 66 au. og fallið í gjalddaga 15. okt. næst á undan, væri tekið lögtaki, en með úrskurði uppkveðnum 22. jan. þ. á. neitaði sýslumaður að taka lögtaksbeiðnina til greina af þeim sökum, að að hús þau, sem umgetur í lögtaksbeiðninni, séu eigi á verzlunarlód á Suðureyrarmölum og þannig aðgreind frá bygðinni, að engin brunahætta stafi þaðan, og verði því eigi lítið svo á, að hús þessi falli undir 3. gr. laga nr. 54, 3. nóv. 1915. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi Sveinn Björnsson, framkvæmdarstjóri Brunabótafélags Íslands, fyrir þess hönd skotið

til yfirdómsins með stefnu útgefinni 26. febr. þ. á. og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur, að krafan um lögtakið verði tekin til greina, og að lagt verði fyrir sýslumanninn, sem stefnt hefir verið í málinu, að framkvæma það; svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi að skaðlausu eða eftir mati dómsins. Hin stefnda Guðrún Þórðardóttir hefir eigi mætt né látið mæta fyrir yfirdóminum, þótt löglega sé stefnd, og verður málið þá dæmt samkvæmt skjölum þeim, er áfrýjandi hefir lagt fyrir dóminn, eins og fyrir er mælt í N. L. 1—4—32 og tilskipun 3. júní 1796, 2. gr.

Deiluatridið í máli þessu er það, hvort húseign hinnar stefndu á Suðureyri sé í skylduvátryggingu samkvæmt lögum nr. 54, 3. nóvbr. 1915 eða ekki. Áfrýjandi heldur því fram að svo sé, en sýslumaður hefir af hálfu hinnar stefndu haldið hinu gagnstæða fram. Í nýnefndum lögum, 3. gr. þeirra, segir: »Í kaupstöðum þeim og kaптúnun, sem um er rætt í 2. gr. A. skulu allar húseignir vátrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafélagi landsins og í 2. gr. A. segir: »á húseignum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og kaптúnunum með 300 íbúum eða fleirum«. Til þess að húseignirnar séu í skylduvátryggingu, verða þær þannig að standa í kaптúni eða teljast til kaптúns. Með lögum nr. 36, 5. des. 1899 var kaптún þetta, Suðureyri, löggilt og segir svo í lögnum: »Á Suðureyrarmölum í Súgandafirði . . . . . skal vera löggiltur verzlunarstaður«. Í málinu er ekkert komið fram um það, að takmörk kaптúns þessa hafi verið ákveðin, og getur það þá eðlilega orðið nokkuð á



reiki hvað talið er að kauptúnið nái langt út í byggðina. En nú hefir umboðsmaður brunabótafélagsins í bréfi sínu til sýslumanns, dags. 16. jan. þ. á., kannast við það, að hin váttrygðu hús (o: hús þau, sem hér um ræðir) standi ekki á »verzlunarlóð á Suðureyrarmölum«, heldur á túni jarðarinnar Suðureyrar, sem áfast er verzlunarstaðnum, og í úrskurði sínum segir sýslumaður, sem eðlilega á að vita það manna bezt, að húsin séu »eigi á verzlunarlóð á Suðureyrarmölum« og verður það að þýða sama sem að þau standi utan kauptúnsins. Samkvæmt því er nú hefir verið sagt, verður að líta svo á, að áfrýjanda hafi eigi tekist að færa sönnur á, að umrædd hús hinnar stefndu séu váttryggingarskyld samkvæmt brunabótafélagslögunum, og verður því krafa hans um að lögtaksúrskurðinum sé hrundið, eigi tekin til greina, en úrskurð þennan ber að staðfesta. Eftir þessum úrslitum verður málskostnaður að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögtaksúrskurðurinn staðfestist.

Málskostnaður fellur niður.